

Ed.

316. Frumvarp

til laga um kirkjuráð.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Setja skal kirkjuráð fyrir hina íslensku þjóðkirkju samkvæmt því, sem segir í lögum þessum.

2. gr.

Verkefni kirkjuráðsins er að vinna að eflingu íslenzkrar kristni og styðja að trúar- og menningaráhrifum þjóðkirkjunnar með því að:

- a. ihuga og gera ályktanir um þau mál, sem varða þjóðkirkjuna í heild sinni og einstaka söfnuði hennar.
- b. stuðla að frjálsri starfsemi til eflingar kristnilífi þjóðarinnar, mannúðar- og líknarstarfsemi.

3. gr.

Kirkjuráðið hefir:

1. Ráðgjafaratkvæði og tillögurétt um þau mál, er kirkjuna varða og heyra undir verksvið löggjafarvaldsins eða sæta konungsúrskurði. Svo og þau mál önnur, er kirkjustjórnin kann að leita álits þess um.
2. Samþykktaratkvæði og ákvörðunarrétt um guðspjónustur kirkjunnar, veitingu sakramenta og kirkjulegar athafnir og helgisiði, þó eigi fyrr en tillögur ráðsins hafa verið samþykktar á prestastefnu (synodus). Ennfremur um þau mál, er hið almenna löggjafarvald kann að fá kirkjuráðinu til meðferðar og fullnaðarákvörðunar.
3. Rétt til að kjósa 1 mann til að taka þátt í stjórn kirkjulegrar starfsemi í sambandi við útvarp.
4. Ráðstöfunarvald yfir fé því, sem lagt kann að verða til frjálsrar kirkjulegrar starfsemi eða annara kirkjulegra þarfa, eftir nánari ákvæðum, sem fjárveitingavaldið setur í hvert sinn.

Vafaatriði um takmörk á samþykktar- og ákvörðunarvaldi kirkjuráðs samkvæmt 2. lið þessarar greinar sæti úrskurði dóms- og kirkjumálaráðuneytisins.

4. gr.

Kirkjuráðið skipa 5 menn, biskup landsins, 2 guðfræðingar, kosnir af sóknarprestum þjóðkirkjunnar og kennurum guðfræðideildar háskólans til 5 ára í senn, og 2 fulltrúar, kosnir af héraðsfundum til sama tíma. Kirkjumálaráðuneytið setur reglugerð um kosninguna.

5. gr.

Enginn má eiga sæti í kirkjuráði, nema hann fullnægi þessum skilyrðum:

- a. Sé meðlimur þjóðkirkjunnar.
- b. Sé orðinn 25 ára að aldri.
- c. Eigi löglega með sig sjálfur og
- d. hafi óflekkað mannorð.

6. gr.

Kirkjuráðið er ályktunarfært um mál þau, er greinir í 1., 3. og 4. lið 3. gr., ef 4 eru á fundi.

En um þau mál, er getur í 2. lið 3. gr., hefir ráðið eigi ákvörðunarrétt, nema það sé fullskipað, eða 4 kirkjuráðsmenn greiða samhljóða atkvæði.

Nú er kirkjuráði með sérstökum lögum falið að gera tillögu um veitingu prestakalla, og er þá ráðið ályktunarfært, þótt eigi séu 4 á fundi, ef þeir, sem

eru fjarverandi, senda skriflegt álit og tillögu í símskeyti. Nú verða atkvæði jöfn, og ræður þá atkvæði biskups.

7. gr.

Biskup er sjálfkjörinn forseti kirkjuráðs. En ráðið sjálf kýs varaforseta og ræður ritara. Forseti kallar ráðið saman og kemur ályktunum þess á framfæri.

Biskup kallar saman kirkjuráð á ársfund einu sinni á ári. Aukafundir skulu haldnir þegar kirkjumálaráðherra, biskup eða 2 menn í ráðinu óska þess.

8. gr.

Kirkjuráðsmenn fá greiddan framlagðan kostnað og aðstoð eftir reikningi, er ráðuneytið úrskurðar.